Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

32. tölublað Þriðjudagur 13.11. 1979 8. árgangur Kr. 200.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Valkostir kjósenda



Það fer víst ekki framhjá neinum að alþingiskosningar eru í nánd. Þjóðlífið hefur nú í einni svipan umhverfst í umræðum um stjórnmál, frambjóðendur þeytast um landið endilangt að sanna ágæti sitt og kjósendum finnst mikið til sín koma.

Gömlu kosningaloforðin eru dregin rykug fram úr skúffunum og dustað af þeim, skuldinni af sviknum efndum frá því síðast er skellt á andstæðingana og hver lýðskrumarinn metorðastritast um annan þveran. Allt umstangið miðast við kjördagana tvo 2. og 3. des., þá fer atkvæðagreiðslan fram en eftir hana er síðan makkað um skipan ríkisstjórnarinnar og yfirleitt öll mál í meðferð Alþingis fram að næstu kosningum. Að makkinu standa forkólfar þingflokkanna fjögurra, þá fara þeir sínu fram og kjósendur fá litlu sem engu ráðið.

Ferill fráfarandi ríkisstjórnar er lýsandi dæmi um svikin kosningaloforð og jafnvel brot á grundvallaratriðum stefnuskráa flokkanna sem að henni stóðu. Sólstöðusamningarnir frá '77 voru ekki settir í gildi heldur var gengið fellt, kaup skert enn meir og félagsmálapakkinn reyndist nær tómur. Skorin voru niður fjárframlög til félagslegrar þjónustu, heilbrigðismála og menntamála og til stendur að auka enn þann niðurskurð. Aðildin að NATO og herliðið á Miðnesheiði voru heldur treyst í sessi en hitt. Verkalýðshreyfingin hefur verið rígbundin á klafa flokkspólitískra hagsmuna stjórnarflokkanna og hvorki hreyft legg né lið í þágu umbjóðenda sinna. Atvinnurekendur hafa heldur ekki þurft að kvarta yfir stjórn Alþýðubandalags, Framsóknar og Alþýðuflokks - hitt þó heldur, svo vitnað sé til ummæla Þorsteins Pálssonar framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins. Svona mætti lengi rekja píslarspor "vinstri" stjórnarinnar verkalýðssinnuðu.

Sjálfstæðisflokkurinn rís nú upp á afturlappirnar og í skjóli getuleysis hinna þriggja þingflokkanna hreykir hann sér hátt. Íhaldið hefur alla sína hunds og kattar tíð verið dragbítur á framfarir í átt til lýðræðis og bættra lífskjara almennt. Það hefur ávallt þjónað hagsmunum stóreignamanna á kostnað launafólks - atvinnurekenda á kostnað verkalýðs. Boðskapur íhaldsins nú boðar heldur ekki bætta tíð með blóm í haga. Leiftursókn gegn verðbólgu hefur það valið sér að vígorði og er ekki vant að ráðum. Þetta leiftur íhaldsins er sundurliðað í Morgunblaðinu 9. nóv. og benda þar sumir liðirnir ótvírætt til lífskjaraskerðingar en aðrir eru lævíslega loðnir að

framhald á síðu 2

SHA verða að treysta á eigin krafta

Helgina 3-4 nóv. s.l. héldu Samtök herstöðvaandstæðinga landsráðstefnu í Félagsstofnun stúdenta í Reykjavík. Ráðstefnan var fremur fásótt, um 50 manns voru í fundarbyrjun en fjölgaði er á leið laugardaginn en á sunnudaginn fækkaði þeim aftur í um 60.

Ráðstefna þessi var ein sú átakaminnsta og virtist svo sem einstaka hópar væru nú orðnir sáttir við stöðu sína innan hreyfingarinnar og við stöðu hreyfingarinnar í heild. Er það ágætt ef SHA losna við þá flokkadrætti sem innan þeirra hafa verið. Verra er að þeir falla ekki niður nú vegna aukinnar pólitískrar vitundar þeirra hópa sem þar hafa barist heldur vegna þess að enginn gustur hefur stafað af SHA og þar af leiðandi ekkert sem getur valdið verulega skerptum skoðanamun.

Ýmsar athyglisverðar hugmyndir voru þó ræddar.

Þar sem kosningar eru á næsta leyti snerust hugmyndir manna mjög um kosningar. Fram kom hugmynd um að ef núverandi forseti gæfi ekki kost á sér, ættu herstöðvaandstæðingar að bjóða fram mann eða lýsa stuðningi við einhvern frambjóðenda. Töldu formælendur þessa að með því móti fengist eins konar skoðanakönnun á afstöðu manna í hermálinu. Á móti var bent á að fólk veldi sér forseta eftir fleiru en afstöðu til hersins og því fengist ekki rétt mynd með þessu móti.

Hið eina sem gæfi ótvíræða mynd af afstöðu fólks í hermálinu væri þjóðaratkvæðagreiðsla beint um herinn og NATO. Auk þess skipti það miklu máli í þjóðaratkvæðagreiðslu að þeir sem enga afstöðu hafa sitji hjá. Þannig stæðu átökin milli þeirra sem vilja herinn burt og hinna sem ólmir vilja hafa hann. Var samþykkt að vísa málinu til næstu miðnefndar.

framhald á síðu 3

Samningar BSRB

Samningar BSRB hafa nú verið lausir frá 1. júlí í sumar.
Kröfugerð og megin tillögur voru gefnar út 3. júlí sl. en þar í vantaði þó aðalatriðið, þ.e. kröfugerð um launastigann.
Síðan þá hefur hins vegar lítið verið gert og m.a. er launastiginn ekki tilbúinn.

Í kröfugerð samninganefndar BSRB eru aðallega breytingar á fyrri kjarasamningi. Í raun og veru er þarna um að ræða sérkröfur hinna ýmsu aðildarfélaga en sem kunnugt er fer stjórn BSRB með samningsrétt í þeim málum.

Þar er einnig að finna almennar kröfur, s.s. lengra orlof, að vangreidd laun verði greidd skv. launatöflu á greiðsludegi, hækkað yfirvinnukaup, fleiri almenna frídaga (t.d. 1. des), orlofsfé hækki og að menn fái 100.000 kr sumarleyfisframlag 1. júní ár hvert.

Tekið skal fram að hér er aðeins um að ræða brot þess sem í kröfugerðinni er.

Þegar á heildina er litið verður ekki annað séð en að vel megi við þetta una.

Gildistími og vísitala

Kaflinn um verbætur í kröfugerðinni er þó það atriðið sem mest ástæða er til að gleðjast yfir.

Þar segir að greiða skuli "fulla verðlagsbót á öll laun

framhald á síðu 2

LEIÐARI

Kjaraskerðing á stefnuskrám

Enn einu sinni ætla stjórnmálamenn að plata íslenska alþýðu að kjörborðinu undir því yfirskini að hún ráði hvernig landinu verði stjórnað næstu árin.

Sumir nota meira að segja nýjar aðferðir og fara út á meðal fólksins eins og frambjóðendurnir orða það, rétt eins og frelsarinn forðum daga. Þeir trufla fólk við vinnu þess, sníkja kaffi á heimilum og mæta edrú á vínveitingahús borgarinnar.

Allt þetta ber vitni um einangrun þessara manna og við skulum ekki halda eitt augnablik að þeir ætli sér að læra af fjöldanum. Erindi þeirra er það eitt að plata fólk til að greiða þeim atkvæði til að þeir geti síðan gert það sem þeim sýnist.

Raunar fer það ekki á milli mála hvað það er sem þeir gera að loknum kosningum.

Allir flokkarnir hafa það á stefnuskrá sinni að skerða kjör launafólks. Þetta sameiginlega markmið flokkanna er að vísu orðað á mismunandi hátt eftir því hver á í hlut. Sumir segja opinskátt að ekki eigi að leyfa kauphækkanir, aðrir vilja draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags.

Þetta er gamla lumman um að fólk verði að færa fórnir og herða sultarólina.

Þetta klingir látlaust í eyrunum á okkur. Við lifum um efni fram, segja þessir herrar.

En hverjir lifa um efni fram? Hafnarverkamaður með rúmlega 200þúsund krónur á mánuði? Hvað er það sem hægt er að veita sér fyrir það kaup sem telja má að sé um efni fram?

Það eru ekki launþegar í þessu landi sem lifa um efni fram og sóa þar með verðmætum.

Þeir sem lifa um efni fram og sóa milljörðum á milljarða ofan eru peningamenn, þeir sem hafa yfirráðarétt yfir aðuæfum þjóðarinnar. Það eru þeir sem ganga í alls kyns sjóði til að leggja í svo kallaðan arðbæran atvinnurekstur. Þeir sem sóa eru ekki launþegar sem kría út 200 þús.kr. víxil til að endar nái saman. Það eru braskarar og peningamenn sem kaupa sér fyrirtæki til að græða á. Þar er sóunin, þar er lifað um efni fram.

Og svo þegar reksturinn skilar eigendum sínum ekki nægjanlegum hagnaði þá á að lækka kaup launþegans.

Saga tveggja síðustu ríkisstjórna sýnir svo ekki verður um villst að næsta ríkisstjórn mun ráðast á kaup launamanna.

Það leggur launþegum það verkefni á herðar að búa sig undir næstu kjaraskerðingarherferðina.

Leiðin til þess er í gegn um stéttarfélögin.

Launþegar verða að láta forystumenn stéttarfélaganna skilja að undanlátssemi síðasta árs er ekki hagur launþega.

Valkostir kjósenda

framhald af forsíðu

orðalagi. Ríkisútgjöld til félagslegra þátta þjóðlífsins verða samkvæmt stefnu íhaldsins skorin niður um 35 miljarða, boðað er tafarlaust gengisfall, vaxtaokur, afnám vísitölubindingar launa sem þýðir milli 10-20% launalækkun o.s.frv. Loðnir liðir eru m.a. skattstefna íhaldsins og "frjálst verðlag undir eftirliti". Of langt mál yrði að fjalla um þá hér. Sjálfstæðismenn sjá sér auðfenginn gróða í orkusölu til erlendra auðhringa er rækju stóriðjufyrirtæki hérlendis. Sú stefna þýðir aukin ítök fjölþjóðahringa í íslenskum efnahagsmálum og er ógnun við sjálfstæði landsins.

Fráfarandi ríkisstjórn eins og aðrar á undan henni, leysti ekki verðbólguvandann - fjarri því. En nú segist íhaldið munu leysa hann með byltingu - getur eitthvað verið til í því? Við hljótum að ganga út frá þeim sannindum að vinnandi fólk skapi verðmætin með vinnu sinni og það geti því engan veginn verið orsök verðbólgunnar. Verðbólgan eins og við þekkjum hana er jú síhækkandi verðlag og minnkandi kaupmáttur. Er þá verðbólgan óútskýranlegt náttúrufyrirbrigði? Varla getur það verið því hún verður til með vöruframleiðslu og verslun en hefur ekki alltaf verið til. Það skyldi þó aldrei vera að verðbólgan væri hagstjórnartæki manna sem hagnast á henni. Það hljóta jú einhverjir að græða á verðbólgunni. Það að kaupmáttur eins minnkar, hlýtur að benda til þess að annar beri meira úr býtum. Og hverjir eru það þá sem hagnast á dýrtíðinni. Jú, vitanlega þeir sem ráða yfir vöruframleiðslunni, fjármagninu og versluninni, þ.e. atvinnurekendur, bankastjórar, stórkaupmenn og meðhjálparar þeirra. Og hvar er þá að finna upp til hópa, samþjappaða? Já, hvar ef ekki í Sjálfstæðisflokknum. Og því skyldi hann þá vera á móti verðbólgu?

Þingflokkarnir 4 berjast um forystuhlutverkið í borgaralega ríkisvaldinu. En breytir það í raun einhverju varðandi grundvallar uppbyggingu þjóðfélagsins hver þeirra fær fleiri eða færri þingmenn inn á Alþing. Reynslan sýnir að svo er ekki. Allir eru þeir sama markinu brenndir. Aðeins stigsmunur greinir á milli þeirra. Það sem íhaldið ætlar sér nú er að reyra sultarólina á almenningi svo um muni í einum rikk, þá þarf ekki að fást um það meir á næstunni. Hinir flokkarnir eru fylgjandi herslu ólarinnar í áföngum, að vísu misjafnlega mikið eftir efnum og ástæðum.

Stendur þá kjósandinn eftir uppi með atkvæðaseðilinn sinn, úrræðalaus að þessu sinni? Já, það er víst svo.

Valið stendur á milli verðbólgu í formi byltingar eða langvarandi og hægfara dýrtíðar. Kjósendur eiga ekki sjö dagana sæla. Valkostirnir hver öðrum verri, kjarasamningar að renna út og dúkkulísustjórn íhaldsins bíður með verðhækkanirnar fram yfir kosningar. Nú eru góð ráð dýr.

Eina vonin sem kjósendur áttu fyrir komandi kosningar var eitt það fyrsta sem brást. Það var tilraun Kommúnistaflokksins til að mynda kosningabandalag með Einingarsamtökunum og Fylkingunni. Þar reyndist Kommúnistaflokkurinn fara í geitarhús að leita ullar, því EIK(ml) þorðu ekki og Fylkingin vildi ekki mynda samfylkingu vinstri manna. En báðir aðilar lofuðu þó bót og betrun með tímanum og er það góðs viti.

Eimskip vanrækir viðhald skipanna

framahld af baksíðu

við bryggju eins og fyrr getur.

Á Nýfundnalandi var gert við skipið til bráðabirgða, en ekki reyndist unnt að taka það í slipp, þar sem það var fullest að. Í ljós kom að mikil tæring var í öllum böndum innan tanksins. Gáfu fulltrúar Lloyds-tryggingarfélagsins 1/2 mánaðar frest til að koma skipinu í lag og hleyptu því reyndar aðeins frá Nýfundnalandi vegna þess að ekki var hægt að taka það í slipp þar.

Gatið á stefninu reyndist alls óskylt þeirri sprungu sem skipsverjar höfðu áður séð. Má því ætla að fleira sé lélegt í ástandi skipsins.

Fyrir ári síðan var Bakkafoss í klössun úti í Hamborg og fór þaðan með vottorð upp á að allt væri í himna lagi, á meðan skipið var hér og þar að gefa sig sökum tæringar. Eimskip virðist því hafa komist að samkomulagi við fulltrúar Lloyds í Hamborg um að ekki væri ástæða til að leggja út í kostnaðarsamar viðgerðir. Vaknar sú spurning hvernig sú niðurstaða hafi verið fengin því Lloyds-menn á Nýfundnalandi virtust gáttaðir á ástandi skipsins.


En Eimskipsfélag Íslands lætur sér ekki segjast, því bráðum koma blessuð jólin og mikið er að gera í flutningum. Þegar heim kom vildu forráðamenn Eimskips senda Bakkafoss aftur til Ameríku og yrði gert betur við skipið þar. Skipstjórinn mun hins vegar ekki hafa treyst því í Ameríkusiglingu og viljað fara með skipið til Hamborgar í gagngera viðgerð. Kom til tals að láta skipta um farm við m/s Dettifoss sem var í Þýskalandsferðum. Búið var hins vegar að ferma bæði skipin á "gamla mátann" þar sem þau lágu í Sundahöfn og var fallið frá umskipun.

Skipstjórinn í síðustu ferð lét ekki skrá sig á skipið í næstu ferð, að því er talið er í mótmælaskyni við ákvörðun Eimskipafélagsins. Tekur því 1. stýrimaður við skipsstjórn og mun Bakkafoss halda til Ameríku að kvöldi 14. nóvember og á að taka hann í slipp í Portsmouth. Brúarfoss mun eiga að verða honum samskipa, en annars siglir brúarfossinn á suðlægari hafnir í Bandaríkjunum.

Þannig er nú sagan af umhyggju Eimskipafélagsins fyrir lífi þeirra sjómanna sem hjá félaginu vinna. Einmitt á þessum árstíma er allra veðra von á þessum slóðum og eins á hafís. Undir venjulegum kringumstæðum getur verið allt að tveggja daga sigling að næsta skipi. Það verður því að teljast vítavert að senda laskað skip í þessa ferð.

framhald af forsíðu

BSRB og kjarasamningarnir



Haraldur Steinþórsson er einn undanslàttarmanna í stjórninni hjá BSRB og varaformaður þar.

samkvæmt samningi þessum eftir óskertri framfærsluvísitölu..." (undirstr. STB). Einnig er gert ráð fyrir að vísitala verði reiknuð út mánaðarlega og gildi við útreikning kaups næsta mánuð á eftir.

Með þessu er algerlega horfið frá þeirri stefnu sem verið hefur ráðandi í hreyfingu launþega, að setja þak á vísitöluna og leyfa ríkisvaldinu að falsa vísitöluna. Þess í stað er sett fram eina rétta krafan í vísitölumálinu og ber að fagna því.

Í þessari kröfugerð er einnig gert ráð fyrir því að samningurinn verði uppsegjanlegur með mánaðarfyrirvara ef verðbætur eða kaupmáttur skerðist. Síðan er ráð fyrir því gert að ríkisvaldið afnemi ákvæðin um 2ja ára gildistíma samningsins.

Að öllu samanlögðu má segja að þetta sé vel frambærileg kröfugerð.

Launastiginn

Annað atriði kröfugerðarinnar er launastiginn sjálfur. Þar hefur samninganefndin ekki staðið sig eins vel.

Launastiginn er enn ekki tilbúinn og má það heita furðulegur dráttur.

Sérstök nefnd innan samninganefndarinnar, launastiganefnd, hefur starfað að þessu a.m.k. frá því í september.

Áætlað er að hún ljúki sér af fyrir næstu mánaðarmót.

Einkum tvær tillögur eru til umræðu eftir því sem næst verður komist.

Önnur er sú að kaup hækki að meðaltali um 20-25%, en hin að föst hækkun verði kr 75.000 í hverjum launaflokki.

Báðar þessar tillögur virðast hafa svipuð áhrif til hækkunar.

Einnig er gert ráð fyrir að hækkunin gildi frá 1. júlí sl.

Staðan í dag

Í ljósi þessa er stórfurðulegur seinagangur forystunnar.

Í Ásgarði, blaði BSRB, er rakinn gangur samningaviðræðnanna.

20. mars var samningum sagt upp.

18. apríl skipti samninganefnd sér í undirnefndir.

28. maí liggja fyrir drög að kröfugerð.

11. júlí er haldinn fundur með fulltrúum ríkisins þar sem þeir tóku fram að stefna ríkisstjórnarinnar væri að engar grunnkaupshækkanir yrðu á árinu og að samningarnir yrðu ekki aftur virkir.

Eftir þetta hefur ekkert gerst í málinu utan að stjórn og samninganefnd BSRB hvetur aðildarfélög til að halda fundi til að kynna kröfugerðina.

Fundir hafa verið haldnir í sumum félögunum.

Ástandið nú heimtar það að opinberir starfsmenn krefjist þess af forystu BSRB að nú þegar verði hafist handa að berjast fyrir kröfugerðinni.

Það er öruggt að sama hvaða ríkisstjórn verður við völd mun hún standa gegn kauphækkunum.

Þess vegna er nauðsynlegt að ýta vel á eftir forystu BSRB svo hún tapi ekki áttunum.

framhald af baksíðu

TRÚBOÐ Í BARNASKÓLUM



Framarlega í bókinni segir að í upphafi hafi ekkert verið til og því til sönnunar er næsta blaðsíða öll svört. Strax næstu síðu er allt iðandi af lífi og litum. Þá hefur Drottinn sagt Verði ljós, - og er byrjaður að skapa heiminn.

Næstu síður er svo verið að sanna að ekki sé hægt að búa til neitt úr engu. Út frá því er svo reynt að sanna tilveru guðs sem einn geti búið til eitthvað úr engu. Gegn þessum lævíslega áróðri eru börnin varnarlaus. Því ekki er meiningin að gera þeim ljósa þá staðreynd að engar sannanir eru fyrir því að einhverntíma hafi ekkert verið til, þvert á móti sýna vísindarannsóknir að efnið hefur alltaf verið til.

Já, kirkjan hefur hafið sókn á ný. Og hún sér þann kost vænstan að innræta börnum kenningar sínar áður en þau hafi fengið nasasjón af vísindum svo þau geti af sjálfsdáðun hafnað slíkum bábiljum. Til dæmis er hver kennsludagur í a.m.k. einum bekk í Seljaskóla hafinn með bæn og kristinfræði er þar troðið inn í samfélagsfræðina eins og hverjum öðrum sannleik. Í Melaskóla hafa kennarar dreift auglýsingaplöggum til nemenda frá sóknarprestinum um barnaguðsþjónustur á sunnudögum.

Sósíalistar hafa lengi veigrað sér við að taka hart á kristnu trúboði í skólum, þar sem það hafi unnið sér hefð, er ekki hefur þótt ástæða til að lenda í illindum út af. En kristinfræðikennslan er engin trúarbragðafræði heldur hreint trúboð.

Börn eru skylduð til að vera í skólum og þau eiga heimtingu á menntun þar en ekki ítroðslu á einkahugmyndum nokkura guðstrúarmanna. Fjöldi fólks er ekki guðstrúar og ætlast til þess að þegar það sendir börn sín til menntunar komi þau ekki heim með trúarkenningar sem slæva dómgreind þeirra og afskræma heimsmyndina. Hin nýja sókn guðstrúarmanna er mál sem allt hugsandi fólk verður að fara að láta til sín taka.


En þessi sókn hefur líka sínar broslegu hliðar. Í Kennaraháskóla Íslands kom Sigurður Pálsson formaður KFUM og hélt fyrirlestur um hina nýju bók og kristinfræðikennslu í barnaskólum. Fyrirlestur sinn endaði hann á þeirri staðhæfingu sem oft heyrist að allir menn séu religious (hafi trúarþörf) að eðlisfari og því til sönnunar gat hann þess að menn hefðu frá aldaöðli stundað ýmis trúarbrögð. Er Sigurður var út genginn gat ein af námsmeyjunum ekki orða bundist yfir þeirri ilmandi rakspíralykt er fylgdi guðsmanninum. Skólafélagi hennar henti það þegar á lofti og kvað upp úr um að maðurinn væri perfumeus (hefði ilm-þörf) að eðlisfari, enda hefðu menn haft þörf fyrir að nota ilmvötn og ilmsmyrsl alls konar allt frá aldaöðli!

Sameining er knýjandi nauðsyn

Vinstrihreyfingin á Íslandi er stödd í hálfgerðri úlfakreppu. Bergmál Menningarbyltingarinnar í Kína og maíuppreisnarinnar í París, er dáið út. Í kjölfar þessara atburða urðr til marxískir flokkar og hópar víða um heim og flestir þeirra drógu allmikinn dám af því sem gerðist í Kína og Frakklandi á þessum tíma.

Helsta gildi þessarar hreyfingar var endurvakning marxismans bæði í fræðilegum og starfrænum skilningi. Marxisminn hafði verið útþynntur og fótum troðinn af endurskoðunarsinnaðri forystu gömlu Komintern-flokkanna og í stað hans hafði ómengaður kratismi tekið við. En ungri hreyfingu og reynslulítilli forystu hennar fylgir einatt einangrunarhyggja og kreddufesta. Merki þessarar ungu hreyfingar komst ekki hjá slíkum áhrifum. Hreyfingin hlaut af þessum sökum það hlutskipti að verða fræðilegri togstreitu og sífelldum klofningi að bráð. Í eldmóði sínum var forystu þessarar hreyfingar oft á tíðum sínna um að gæta fræðilegs hreinleika síns, heldur en að byggja upp öfluga skipulagningu meðal hins vinnandi fjölda. Bræðravíg meðal hinna marxísku-lenínísku samtaka og flokka komu í stað víðtækara samstarfs og samtaka þeirra.

Þetta tímabil hefur verið tími fræðilegs uppgjörs og fæðingarhríðir hreyfingarinnar hafa reynst bæði langvinnar og erfiðar. En senn er þessu tímabili að ljúka, upp úr óskapnaði þeim sem klofningur og fræðilegt



Verkalýðshreyfingunni er nauðsyn að stofnun kommúnísks flokks, sem leiðir baráttu hennar fyrir sósíalisma og hafnar hinni borgaralegu þingræðisstefnu Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins.

ósætti leiddi af sér, mun rísa öflug kommúnísk hreyfing sem mun leita sér nýrra starfsaðferða og aðlaga starf sitt og kenningar betur að þjóðlegum vettvangi stéttabaráttunnar.

Blikur á lofti.

Nú eru ýmsar blikur á lofti í röðum vinstri manna. Líklega hefur forysta Alþýðubandalagsins aldrei gengist eins opinskátt við borgaralegu hlutverki sínu og nú á síðustu tímum. Hún er að kasta frá sér leifunum af vinstri-stefnu, svíkja endanlega þann málstað sem hún þó hefur þóst berjast fyrir fyrr á tímum. Þetta sést berlega í andheimsvaldasinnuðu baráttunni, þar sem forysta Alþýðubandalagsins hefur valið að þegja með öðrum herstöðvasinnum og setja þetta mikilsverða mál undir mæliker. Forysta Alþýðubandalagsins kemur æ oftar fram sem ófyrirleitinn hópur framagosa, sem reiðubúnir eru að leggja málstað og hagsmuni alþýðunnar í sölurnar fyrir eigin frama og völd. Allt er falt, ef ráðherrastóll er í boði.

Enn er hitt, að hóparnir til vinstri við AB hafa reynt að setja niður deilur sínar og tekið fyrstu fálmandi sporin í þá átt að sameina vinstrimenn að nýju undir fánum byltingarsinnaðs starfs og stefnu. Margt er enn óhreyft á þessum vettvangi, en einhvern tímann er allt fyrst. Þess vegna er mikilvægt, að marxistar bregðist við því ástandi sem nú hefur skapast, á réttan hátt og styrki stöðu sína og verkalýðsstéttarinnar, með því að vinna að sameiningu.

Sameining er bráð nauðsyn.

Sameining þeirra afla, sem gert hafa sér ljóst hið rétta eðli og hlutverk Alþýðubandalagsforystunnar, er bráð nauðsyn. Innan Alþýðubandalagsins hefur skapast gjá milli forystunnar og almennra liðsmanna, út af hermálinu og fleiri málum. Enn hefur þó vinstri vængur bandalagsins alls ekki gert upp við sig, til hvaða ráða hann grípur. Skiljanlega vill hann ekki flana að neinu og sömuleiðis væri ótímabær klofningur bandalagsins til ills eins. En slíkur klofningur þarf að verða og hann verður að leiða til þess að upp rísi nýr fjöldaflokkur, þar sem hinn almenni félagsmaður hefur lýðræðislega möguleika til þess að hafa áhrif á stefnumótun og aðrar mikilvægar ákvarðan ir.

Á hitt ber og að líta, að hóparnir til vinstri við bandalagið eru alls ekki undir það búnir að sameinast í slíkum fjöldaflokki og þeim ber nauðsyn til þess að leysa innri málefni sín sem fyrst. En sameining þessara aðila er knýjandi nauðsyn, hún er knúin fram af svikum Alþýðubandalagsforystunnar sjálfrar og þeim stéttaátökum sem í vændum eru. Íslenskir marxistar-lenínistar verða að gera sér þetta ljóst og haga baráttu sinni samkvæmt þessu. Stefna þeirra verður að vera þessi:
Sköpum öflugan verkalýðsflokk - sameinum fjöldann.

framhald af forsíðu



Um þjóðaratkvæðagreiðsluna kom fram tillaga um að málið skyldi aðeins rætt innan SHA en kröfunni ekki haldið á lofti opinberlega. Tillaga þessi var kolfelld. Aftur á móti var samþykkt að halda kröfunni á lofti í öllum aðgerðum og á fundum SHA.

Fleiri kosningahugmyndir komu fram og var lagt til að SHA undirbyggju framboð til Alþingis við lok næsta kjörtímabils. Var þessi tillaga felld og vísað þá til svipaðra raka og gegn forsetaframboðinu, auk þess sem bent var á að SHA væri fjöldahreyfing sem gengi þvert á flokkapólitík og leitaði liðsinnis fólks í öllum flokkunum. Myndi sérframboð samtakanna því kljúfa samtökin og verða málstað þeirra til tjóns.

Í útgáfumálunum tókust á skoðanir þeirra sem vildu spara í útgáfu SHA og halda sig við Þjóðviljasíðu og eitt stórt blað á ári sem dreift yrði um land allt. Á móti var sagt að þetta stóra blað hefði gefist illa og lítið verið lesið. Auk þess ættu SHA að standa á eigin fótum og sjá um öll sín útgáfumál sjálf. Var samþykkt að gefa Dagfara út 4 sinnum á ári og tryggja fjárhag hans með áskriftum, lausasölu og auglýsingum. Auk þess skyldi gefa út fréttabréf ef þörf krefði.

Brýnasta mál SHA nú er að efla stjálfsæði samtakanna. SHA þurfa að hætta að treysta á starfskrafta frá pólitískum samtökum. Þess í stað eiga samtökin að hafa eigið starfslið er sé skipulagt í áróðurs og útbreiðslustarfi. Af hverju eiga SHA ekki svo mikið sem söngsveit? Af hverju skipuleggja SHA ekki leiklistarhóp í áróðursferð um landið? Þetta hafa viðlíka samtök gert erlendis með góðum árangri. T.d. hafa öflug hljómplötufyrirtæki vaxið



Á Landsráðstefnu herstöðvaandstæðinga var samþykkt krafan um þjóðaratkvæðagreiðslu um NATO og herinn.

upp úr plötuútgáfu víetnamhreyfinganna erlendis. Þá er líka algert skilyrði að SHA geti staðið sjálfstætt að útbreiðslu áróðurs með blaðaútgáfu þótt sjálfsagt sé að notfæra sér einnig dagblöð Það er algjörlega óviðunandi að öflugasta fjöldahreyfing landsins þurfi að leita til annara aðila um starfskraft ef hún hugsar sér til hreyfings. Það er jafnvel ekki til svo aumt kvennfélag eða rótary-klúbbur.

Látum ekki við svo búið sitja. Gerum SHA að sjálfstæðum og öflugum fjöldasamtökum.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : kr.5000.-
BARÁTTU ÁSKRIFT : kr.7000.-
TIL ÚTLANDA : V-áskr.+ sendingargjald
TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA: kr.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
32.tbl. 8.árg. 13.11. 1979



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 22366
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Frumskógarlögmál í heilbrigðismálum



Frá fundi 5 starfsmannafélaga á Hótel Sögu þar sem mótmælt var harðlega stórfelldri fækkun starfsliðs á ríkisspítölunum, vegna niðurskurðar í fjárlögum í tíð fráfarandi stjórnar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú enn opinskátt og af offorsi ráðist til niðurskurðar á fjárlögum til félagslegrar þjónustu og samhjálpar. Heilbrigðiskerfið fer ekki varhluta af þeim 35 miljarða króna niðurskurði ríkisútgjalda sem ákveðinn er, fái íhaldsstefnan að ráða.

Stefna íhaldsins í málefnum sjúkra byggist á grundvallarhugmynd þess um frelsi einstaklingsins og hvernig það túlkar þá hugmynd. Sjúklingurinn á að hafa frelsi til að borga sinn sjúkrakostnað úr eigin vasa og heilbrigðir eiga ekki (ófrjálsir) að þurfa að kosta upp á þá sem minna mega sín. (Já, frelsishugtakið virkar útjaskað í meðförum íhaldsmanna).

Talsmaður Sjálfstæðisflokksins Hannes H. Gissurarson, afhjúpar þessar fyrirætlanir ræki-lega með eftir farandi skrifum: "Er ekki t.d. óeðlilegt að selja bjargálnamönnum opinbera þjónustu, s.s. sjúkrahúsdvöl, á lægra verði en kostnaðarverði (en almenningur greiðir að sjálfsögðu muninn með sköttum sínum)? Eðlilegast er að selja öllum þessa þjónustu á fullu verði, en hjálpa þeim fáu, sem geta ekki greitt hana af almannafé." DB. 10.11 ´79. Fleiri s.k. frjálshyggjumenn hafa tekið í sama streng. Þeir boða að frumskógalögmálið skuli ráða í heilbrigðismálum eins og svo mörgum öðrum.

Sjálfstæðismenn ætla sér, að eigin sögn, að reka sjúkrahúsin þannig að þau standi undir sér eðameð öðrum orðum sem gróða stofnanir. Og þeir bágstöddu skulu borga brúsann. Hversu margir sjúklingar geta og eru reiðubúnir til að greiða 50-60 þús. kr. á dag fyrir spítalavist eða aðra læknismeðferð. Margir þurfa á reglulegri meðferð að halda langtímum saman, jafnvel svo árum skiptir. Það sér hver heilvita maður að fáir stæðu undir slíku.

Frumskógakenning Nietches að sá sterki sé óhjákvæmilegur sigurvegari og það taki því þess



Íhaldið ætlar sér að bæta um betur þar sem hin sk. vinstri stjórn varð frá að hverfa, í niðurskurði heilbrigðisþjónustunnar Það ætlar sér helst að því er virðist að taka upp heilbrigðiskerfi að bandaríski fyrirmynd, þar sem spítalarnir eru reknir í einkaeign og sjúklingarnir fá því betri þjónustu sem þeir geta greitt betur og því verri sem þeir eiga minna af peningum. Á myndinni kynna markaðshyggjumenn 35 milljarða niðurskurð sinn o. fl..

vegna ekki að vera að lappa upp á þann veika, er hjá þessum sérhyggjumönnum í fullu gildi. Á sínum tíma gripu nasistar þessa kenningu á lofti og túlkuðu hana á þann veg að þeirra kynstofn, sem þeir nefndu aría, væri öðrum æðri. Kenningu þessa túlka íhaldsmenn sér í hag. Þeir álíta sig vera sterka aðilann. Enda hafa íhaldsmenn óneitanlega sterka stöðu í þjóðlífinu. Þ.á.m. hafa þeir hreiðrað um sig í stjórnun heilbrigðismála, t.a.m. stjórn Landakotsspítala þar sem Jóhannes Norðdal seðlabankastjóri m.m. veitir forstöðu. En kenninguna er hæglega hægt að túlka gegn markaðshyggjupostulunum. Þ.e. ef þeir sem postularnir telja veikari aðilann, götulýð og skríl, taka höndum saman gegn þeim. Sérhyggjumennirnir væru þá orðinn veikari aðilinn og yrðu að viðurkenna rétt þess sterkari til að troða á þeim sjálfum - samkvæmt eigin kenningu, sem þeim finnst svo réttmæt, frumskógalögmálinu.

Trúboð í barnaskólum

Uppkoma alls konar sértrúarsafnaða hefur hleypt óvæntu lífi í íslensku þjóðkirkjuna. Innan hennar hefur allt logað í deilum um spíritisma og aðrar stefnur sem hafa hrjáð íslenskt trúarlíf undanfarna áratugi, án þess að nokkrum hafi dottið í hug að setja þessar kenningar í heilsteypt form.

En tilkoma Fíladelfíu, Votta Jehóva og Jesú barna og annara álíka hópa hefur gert þær kröfur til forsvarsmanna þjóðkirkjunnar að þeir endurnýji kenningarnar ef þeir ætli að halda forystuhlutverki sínu í trúarlegum efnum.

Undanfarna áratugi hefur þjóðkirkjan lifað á hinni sjálfvirku inngöngu fólks í kirkjuna. En hinn mikli fjöldi er ekki virkur og má búast við að fækkun verði veruleg á meðlimum hennar er fram líða stundir. Hefur þjóðkirkjan nú hafið sókn gegn þessari þróun.

Til að styrkja stöðu sína gagnvart vísindunum hefur nú verið útbúin kennslubók sem á að sanna tilveru "guðs" og að hann hafi skapað heiminn. Til að fá nógu afturhaldsama kennslubók var í þessum tilgangi valin norsk kennslubók. Skulu hér rakin nokkur dæmi þess sem kennarar eiga að innræta börnunum:

Sjö daga sköpunarsagan er afgreidd með því að sjö guðlegir dagar geti vel verið sem milljón mannleg ár.

framhald á síðu 3

'Áskrift

Ég undirrit aður/uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI

Nafn: ____________________

Heimili: ____________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Póshólf 1357
121 REYKJAVÍK

Eimskip vanrækir viðhald skipanna

Fyrir stuttu birtust þær fréttir í fjölmiðlum að m/s Bakkafoss, eitt af skipum Eimskipafélags Íslands, hefði laskast og verið snúið við til Nýfundnalands.

Mál þetta sem í fyrstu virðist ekki ýkja merkilegt, á sér hins vegar sögu sem Stéttabaráttunni þykir rétt að birta. Hún greinir frá gegndarlausu virðingarleysi við mannslífin sem gróðabrask Eimskips skapar.

Þann 19. október s.l. hélt Bakkafoss utan til Argentia á Nýfundnalandi og Portsmouth í Bandaríkjunum, í sínum reglubundnu flutningum sem aðallega eru fyrir herinn. Þá þegar var forráðamönnum Eimskips kunnugt um að sprunga væri í skipinu framantil. Viðbrögðin voru aðeins þau að hafa þyrfti fjarskipta- og björgunartæki í lagi ef eitthvað bæri út af en annars að hafa hljótt um málið.

Þegar Bakkafoss var svo lagstur við bryggju í Argentia, á heimleið, sáu skipsverjar að gat var komið á stefni skipsins rétt ofan við sjólínu. Þar fyrir innan er einn af ballest-tönkum skipsins og hafði flætt úr honum en sjór sem inn fór komst aðeins í tankinn. Einhverra hluta vegna var samt skipað að sigla skipinu heim strax. Daginn eftir var þó snúið aftur til Nýfundnalands og tilkynnt að skipið hefði laskast að framan. Um ástæður löskunarinnar var þó hvergi getið. Ekkert var að veðri og það sem meira er, skipverjar urðu ekki varir við er gatið kom, heldur sáu það

framhald á síðu 2

